

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

891. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 14. desember 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs Skúli Húnn Hilmarsson mætir á fundinn til viðræðna við byggðarráð.** Farið yfir helstu verkefni framkvæmdasviðs. Framkvæmdir við vatnsveitu í Kirkjuhvammi er lokið, öðru viðhaldi vatnsveitu lokið og frágangur svæðis við lindir á Borðeyri. Unnið er að viðhaldi dæluhúss hitaveitu á Laugarbakka. Rannsóknir hafa verið unnar við hitaveitu á Reykjatanga. Framkvæmdir við hitaveitu er að ljúka og stefnt að því að hleypa vatni á fyrstu húsin þann 15. desember nk. Vinna við undirbúning hitaveituframkvæmda næsta árs er hafin.
2. **1512001 Lagt fram bréf Forsætisráðuneytisins dags. 27. nóvember sl. ,** þar sem tilkynnt er að ráðuneytinu hafi borist kæra vegna sölu Húnaþings vestra á veiðileyfum og ráðstöfun á rjúpnaveiði í Þjóðlendum. Húnaþingi vestra er veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og andmælum varðandi kæruefnið á framfæri við ráðuneytið. Jón Jónsson lögfræðingur hefur tekið að sér að svara erindinu fyrir hönd Húnaþings vestra.
3. **1511028 Lögð fram til kynningar ársskýrsla 2015 frá rekstraraðila tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi.**
4. **Lögð fram drög að endurnýjun samnings við Erlu B. Kristinsdóttur og Svein I. Bragason um rekstur tjaldsvæðis í Kirkjuhvammi til næstu 5 ára.** Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.
5. **1511033 Lagt fram bréf frá Héraðssetri Landgræðslu ríkisins dags 17. nóvember sl. beiðni um styrk vegna ársins 2015 til verkefnisins „Bændur græða landið“.** Byggðarráð sér sér ekki fært að styrkja verkefnið að þessu sinni.
6. **Lagt fram bréf Sýslumannsins á Norðurlandi vestra dags. 30.nóvember sl.** þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um leyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007. Stefanía Sigurðardóttir sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II að Smáragrund 3 531 Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.

7. **Lagt fram bréf fjallskilastjórnar Víðidælinga dags.** 2. desember sl., þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið beini þeim tilmælum til Matvælastofnunar að komið verði á vortalningu á öllu fjallskilaskyldu búfé í Húnaþingi vestra, þar sem það er grundvöllur álagningar fjallskila. Byggðarráð tekur undir tilmæli fjallskilastjórnarinnar og felur sveitarstjóra að koma þessum tilmælum til MAST.
8. **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Róta bs.** frá 30. nóvember sl.
9. **Lögð fram til kynningar breytt dags- og tímasetning aðalfundar Róta bs.,** en hann verður haldinn fimmtudaginn 17. desember nk. kl 15:00 í Menningarhúsinu Tjarnarborg á Ólafsfirði.
10. **Lögð fram til kynningar uppsögn Sigríðar Bachmann** á starfi við Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna.
11. **Lögð fram uppsögn á húsaleigusamningi vegna Kirkjuveggar 10** á Hvammstanga frá Láru Helgu Jónsdóttur.
12. **Sorphirða –útboð.** Umhverfisstjóri Ína Björk Ársælsdóttir mætir til fundar við byggðarráð. Auglýsing um útboð verður sent í birtingu um næstu helgi. Drög að útboðsgögnum verða send byggðarráði til yfirlstrar.

Samþykkt að taka á dagskrá
13. **Rætur bs.**
 - a) **Lagður fram þjónustusamningur milli sveitarfélaga og stjórnar Róta bs.** um málefni fatlaðs fólks á starfssvæði Róta bs á vestanverðu Norðurlandi. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans f.h. Húnaþings vestra.
 - b) **Lagðar fram samþykktir fyrir byggðasamlagið Rætur bs.** Byggðarráð samþykkir samþykktirnar og felur sveitarstjóra undirritun þeirra f.h. Húnaþings vestra.
 - c) **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Róta bs** frá 20. október sl.
14. **Lagt fram til kynningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga** fundarboð umræðu- og upplýsingafundar um niðurstöður endurmats á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga, sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu þann 16. desember nk. kl 13:00-16:30. Bein útsending verður frá fundinum á vef sambandsins.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:43

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Elín R. Líndal

Guðrún Ragnarsdóttir